

## Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

**Mál nr. 10/2022-2023**

**Kærandi:** Páll Steingrímsson

**Kærði:** Björn Þorláksson.

**Kæruefni:** Kært vegna umfjöllunar Björns Þorlákssonar „á viðkvæmu sakamáli“ í fréttapættinum Fréttavaktin á Hringbraut þann 23. september 2022.

**Málsmeðferð:**

Kæran barst skrifstofu BÍ 6. október 2022. Óskað var eftir andsvörum kærðu og bárust þau 19. október. Siðanefnd fjallaði um málið á fundum sínum 18. október og 1. nóvember.

**Málavextir:** Í Fréttavaktinni 23. september 2022 stýrði kærði viðtalsþætti um fréttir vikunnar og voru gestir hans þau Þóra Arnórsdóttir og Helgi Seljan fréttamenn. Umræðan þar snérist nær alfarið um svokölluð Samherjamál. Kærandi telur kærða hafa brotið siðareglur og telur upp 7 kæruliði með vísan til, eftir atvikum, 1., 3. og 5. gr. siðareglna BÍ. Í fyrsta lagi hafi kærði verið ósmekklegur og hafi haft „*sakamál sem tengist fjölskylduharmleik í flimtingum*“. Í öðru lagi hafi kærði tengst málinu og brotið ákvæði um hagsmunaárekstur (5.gr.) þar sem fjölskyldur kærða og „*þess sakbornings sem talinn er hafa komið síma í hendur blaðamanna*“ séu tengdar. Í þriðja lagi hafi annar viðmælenda kærða stöðu sakbornings í Samherjamálinu og hinn „*tengist sakborningum vinaböndum*“. Í fjórða lagi hafi umfjöllunin verið einhliða og engin andstæð sjónarmið dregin fram. Í fimmta lagi hafi kærði beint þeirri spumingu að viðmælendum sínum hvort þeir hefðu „*eitrað fyrir nokkrum eða stolið nokkrum síma í dag*“ og hafi með því afvegaleitt umræðuna. Í sjötta lagi hefði framganga kærða í þættinum verið til vanvirðu fyrir blaðamannastéttina og fjölmiðilinn (1.gr.). Loks í sjöunda lagi hafi kærandi í tvígang sent bréf á ritstjórn Hringbrautar vegna umfjöllunarinnar, en engin svör fengið, sem hann telur brot á 1.gr. siðareglna BÍ.

Andsvör bárust frá kærða þann 19. október. Í fyrsta lagi hafnar hann því að framkoma hans í þættinum hafi verið „ósmekkleg“ og „*enginn reki er gerður að því í kvörtuninni að lýsa í hverju meintur ósmekkur þáttastjórnanda á að hafa falist*“. Í öðru lagi sé ekki um að ræða hagsmunaárekstur vegna fjölskyldutengsla. „*Sé vísað til þess að þáttastjórnandi á systur sem er í sambúð með manni sem á systur sem er fyrrverandi eiginkona kæranda, fer fjarri að í því felist hagsmunatengsl*“. Í þriðja og fjórða lagi bendir kærði á að ekki var um fréttaskýringarþátt að ræða, eins og kærandi fullyrðir, Fréttavaktin á föstudögum sé jafnan „*umræðuþáttur með*

þægilegt yfirbragð“ og að viðkomandi viðmælendur hefðu fengið takmarkað tóm til að lýsa upplifun sinni af málinu. Í fimmta lagi hafnar kærði því að hafa „snúið fjölskylduharmleik upp í gamanmál“ og leitast við að slá „ryki í augu áhorfenda“. Þekkt sé að „þáttastjórnendur slái léttari tón í upphafi samtala til að losa spennu“ og „auka líkurnar á að samtal viðmælanda og þáttastjórnanda gangi betur fyrir sig“. Í sjötta lagi sé fullyrðing um að framganga kærða hafi verið til vanvirðu gildishlaðin og órökstudd og henni hafnað. Loks í sjöunda lagi hafi honum sem þáttastjórnanda ekki borist þau bréf sem nefnd eru í kvörtuninni og kvörtun um svarleysi verði „að beina að þeim sem þau bréf voru send til“. Þess utan hafi Siðanefnd slegið því föstu í fyrri úrskurðum að einstaklingar eigi ekki heimtingu á því að andstæð sjónarmið séu alltaf í einum og sama þættinum.

**Umfjöllun:** Siðanefnd fellst á það með kærða Birni að skoða verði vinnubrögð hans í málinu út frá því að um „umræðuþátt með þægilegt yfirbragð“ hafi verið að ræða og að í slíkum þáttum sé algengt að „þáttastjórnendur slái léttari tón í upphafi samtala til að losa spennu“.


Siðanefnd getur ekki fallist á það með kæranda að kærði hafi í málinu brotið ákvæði siðareglna um hagsmunaágreining – með tengingu við málsaðila í tengdri sakamálarannsókn sem einkum var fjallað um í þættinum. Að kærði eigi systur sem er í sambúð með bróður fyrrverandi eiginkonu kæranda, getur ekki talist slík hagsmunatengsl að varði við 5.gr siðareglna BÍ. Kærði fullyrðir að enginn virkur samgangur sé milli tilgreindra aðila, sem áhrif gætu haft á fagleg vinnubrögð hans. Þá telur Siðanefnd að kærandi hafi ekki sýnt fram á vanhæfi kærða til að taka viðtöl við aðra einstaklinga í stétt blaða- og fréttamanna.

Siðanefnd telur að uppsetning spjallþátta sem þessa kalli ekki á andstæð sjónarmið samtímis. Mörg úrskurðarfordæmi liggja því til grundvallar, nú síðast í máli nr. 12/2021-2022. Það er faglega viðurkennt að ef hafðar eru uppi alvarlegar ásakanir í garð aðila á vettvangi fjölmiðla skuli sá aðili fá tækifæri til andsvara, en á það hefur ekki reynt í þessu máli. Kærandi sendi hins vegar ritstjórn Hringbrautar bréf í tvígang með kröfu „um úrbætur“ og viðtal á sama vettvangi. Kærði fullyrðir að honum hafi ekki borist téðar kröfur, sem sendar voru á almennt netfang ritstjórnar fjölmiðilsins. Hvorki ritstjóri né ritstjórn Hringbrautar eru kærð í þessu máli og kemur þessi kæruliður ekki til efnislegrar afgreiðslu Siðanefndar. Það er eftir sem áður álit Siðanefndar að óboðlegt sé að erindum sem þessum sé ekki sinnt.


#### **Úrskurður:**

Kærði, Björn Þorláksson, telst ekki hafa brotið siðareglur BÍ í kærðri umfjöllun.


Reykjavík 1. nóvember 2022



Friðrik Þór Guðmundsson




Fanney Birna Jónsdóttir



Emma Björg Eyjólfsdóttir



Pálmi Jónasson



Valgerður Jóhannsdóttir